

HELLAN
Júníblaðið 2025 er komið út.
Fullt af efni.

Áskrift í s: 467-1288 eða: albert@tunnan.is

**SKILAFRESTUR FYRIR AUGLÝSINGAR Í TUNNUNA.
ÞURFA AÐ BERAST FYRIR KL. 10.00 Á ÞRIÐJUDÖGUM.**

Nytjamarkaður – bílskúrsala

Miðvikudaginn 2. júlí kl. 16-19

að Vesturgötu 14, Ólafsfirði.

Ýmsir hlutir úr innbúi til sölu og gefins.

Fyrstur kemur fyrstur fær.

AFLIÐ

Aflið veitir fría ráðgjöf til þolenda ofbeldis og aðstandenda þeirra.

Nú er hægt að koma í ráðgjöf á Siglufirði.

noona.is/aflidak - aflidak@aflidak.is - sími: 461-5959

Akureyri - Blönduós - Egilsstaðir - Húsavík - Reyðarfjörður - Siglufjörður

Bókhaldsþjónustan H7 ehf. - Siglufirði - S. 888-8845



Öll almenn -bókhaldsþjónusta og skattskil.

Get bætt við verkefnum - helga@h7bokhald.is

Helga Jónsdóttir.

Gluggar og hurðir - Smíðum glugga og hurðir.

Margra ára reynsla. Erum á Norðurlandi. - Steini 848-5460

tregluggi@gmail.com

HSN Fjallabyggð auglýsir eftir afleysinga starfsmanni í eldhús sem fyrst

Menntun á þessu sviði og/eða reynsla æskileg.

Um það bil 79% starf og unnið aðra hverja helgi.

Upplýsingar gefa:

daniel.petur.baldursson@hsn.is / 847-2220

sigurdur.johannesson@hsn.is / 854-4177

OP
ID

Mánudagur : 14 - 22

Þriðjudagur : 14 - 22

Miðvikudagur: 14 - 22

Fimmtudagur : 14 - 23

Föstudagur : 13 - 24

Laugardagur : 13 - 24

Sunnudagur : 13 - 22

SUMAR OPNUN



Canon Blek



TUNNAN

S: 467-1288

albert@tunnan.is

Ódýrasta Canon blekið á Norðurlandi 3.000 kr. XL stærðin

Canon PIXMA TS705a

A4 bleksprautuprentari með

Wi-Fi og 350 blaða skúffu

kr. 16.000,-

Canon

TUNNAN
S:467-1288





Borun holu ÓB-19 í Ólafsfirði lokið

Í vor hófst borun með jarðbornum Sleipni á holu ÓB-19 í Ólafsfirði með það að markmiði að finna nýja vinnsluholu fyrir hitaveituna. Því miður skiluðu boranir ekki tilætluðum árangri og hefur þeim því verið hætt. Lokadýpi holunnar er 1.497 metrar.

Holan skar aðeins eina vatnsæð á um 645 metra dýpi, þar sem kerfishiti er um 57°C. Sú æð reyndist nokkuð treg og gaf lítið af vatni inn í holuna. Slíkar niðurstöður eru alltaf vonbrigði, en eru jafnframt hluti af eðli jarðhitaleitar.

Næstu skref eru að framkvæma ítarlegar mælingar til að greina jarðlögin betur. Á grundvelli þeirra verður metið hvert framhaldið verður.

Við þökkum íbúum í Ólafsfirði innilega fyrir skilning og þolinmæði meðan á framkvæmdum stóð. Þrátt fyrir vonbrigði með þessa holu höldum við áfram með bjartsýni og trú á að framhaldsvinna og frekari rannsóknir muni skila árangri til framtíðar.